

**Ed.**

## **711. Breytingartillögur**

[202. mál]

við frv. til l. um Háskólann á Akureyri.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:  
Háskólinn á Akureyri skal vera vísindaleg fræðslustofnun. Hann skal veita nemendum sínum menntun er geri þá hæfa til að sinna ýmsum störfum í atvinnulífnum og ábyrgðarstöðum í þjóðfélaginu eða stunda frekara háskólanám.
2. 4. gr. orðist svo:  
Háskólanefnd skal þannig skipuð:
  - a. Rektor sem jafnframt er formaður nefndarinnar.
  - b. Forstöðumenn deilda háskólans.
  - c. Einn fulltrúi lausráðinna kennara kjörinn til eins árs á almennum fundi þeirra.
  - d. Tveir fulltrúar nemenda kjörnir til eins árs á almennum fundi þeirra.
  - e. Skrifstofustjóri á sæti á fundum nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.
3. 6. gr. orðist svo:  
Menntamálaráðherra skipar forstöðumenn deilda háskólans til þriggja ára að fengnum tillögum rektors. Að loknu fyrsta skipunartímabili skal forstöðumaður hvernar deildar kjörinn á deildarfundi samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sbr. 8. gr.  
Menntamálaráðherra skipar skrifstofustjóra og bókavörð að fengnum tillögum háskólanefndar.  
Rektor ræður annað starfslið við stjórnslu og rekstur eftir því sem fjárveitingar leyfa og heimildir standa til.
4. Við 14. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:  
Lög þessi skulu endurskoðuð áður en þrjú ár eru liðin frá setningu þeirra og skulu niðurstöður lagðar fyrir Alþingi fyrir árslok 1991.
5. Á eftir 14. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:  
Til og með 31. maí 1990 skal háskólanefnd, sbr. 2. gr., þannig skipuð:
  - a. Rektor sem jafnframt er formaður nefndarinnar.
  - b. Einn fulltrúi tilnefndur af bæjarstjórn Akureyrar.
  - c. Einn fulltrúi tilnefndur af Fjórðungssambandi Norðlendinga.
  - d. Tveir fulltrúar tilnefndir af menntamálaráðherra.
  - e. Forstöðumenn deilda háskólans.
  - f. Einn fulltrúi nemenda, kjörinn til eins árs á almennum fundi þeirra.